

Mál nr. 3/2012

Ár 2013, þriðjudaginn 18. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 3/2012

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 07. febrúar 2012 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins með því að para tíkina XX við hundinn ZZ án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 10. feb og henni gefinn 4 vikna svarfrestur til andmæla eða til 9. mars. Svar barst ekki. Kærðu var sent ítrekun 17. apríl og frestur veittur til 24. apríl. Kærðu svöruðu ekki. Í framhaldi af því voru málsaðilar boðaðir á sáttafund sem haldinn var 30.okt. Fulltrúi kæranda mætti á fundinn en kærðu mættu ekki. Hringt var í kærðu af sáttarfundi og óskað var eftir því að halda símafund og var orðið við þeirri ósk. Báðir aðilar kynntu sín sjónarmið fyrir nefndinni. Sættir tókust ekki og þar sem siðanefnd taldi að öll gögn um málið lægju fyrir svo og þau sjónarmið sem máli skiptu komin fram, þá var ákveðið að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu þörunarvottorði XX var tíkin þöruð við hundinn ZZ án þess að hún hefði náð tilskildum lágmarksaldri við þörun sem er 2 ár. Um er að ræða hunda af hundakyninu Ensk Cocker Spaniel og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með þöruninni hafi kærðu brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærðu svöruðu því til að um óviljaverk hafi verið að ræða, þörun hafi ekki verið ætluð.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Ensk Cocker Spaniel.

Þá segir í grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn að félagsmanni í HRFÍ beri að:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með)”

Í málinu er óumdeilt að samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af hundakyninu Ensk Cocker Spaniel hefur ekki fram nein umsókn um undanþágu frá grundvallarreglum félagsins um breytingar á lágmarksaldri tíka við pörun. Gildir því tveggja ára lágmarksaldur tíkar um framangreinda pörun. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög við brotunum. Kærðu játaðu brot sín skýlaust. Reglur um lágmarksaldur tíka við pörun eru settar með dýraverndunarsjónarmið að leiðarljósi. Kærðu pöruðu tíkina áður en hún var 2 ára gömul og telur siðanefnd það vera alvarlegt. Á það ber hins vegar að líta að kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins. Þau gengust skýlaust við brotum sínum og lofa að framvegis virði þau reglur félagsins.

#### IV. Niðurstaða

Kærðu Y teljast hafa gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu er áminnt.

*Sign:*

*Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir*